

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 — 1985

27. júní 1985

469

Nr. 258

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 482 19. desember 1984 um tollfrjálsan
farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum,
einkasölugjald o. fl.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Um einkasölugjald o. fl.

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	kr./l
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	200
2. Portvín, sherry, madeira og líkjörar, undir 22% styrkleika	390
3. Vermút og aperítívar, þ.m.t. bitterar, undir 22% styrkleika	420
4. Aperítívar, þ.m.t. bitterar, með 22% styrkleika eða meira	600
5. Íslenskar áfengistegundir	650
6. Koníak, brandy, whisky, gin, genever, romm, líkjörar (ót.a.), svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a.	950

B. Tóbak:	
1. Reyktóbak	800 kr./tylft bréfa eða lb.
2. Vindlingar	550 kr./200 stk.
3. Smávindlar	60 kr./10 stk.
Meðalstærð	270 kr./25 stk.
Vindlar, aðrir	330 kr./25 stk.

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginum upptækan til ríkissjóðs.

B 50

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Þegar um er að ræða tækifæris- eða gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en þreföldu því sem tilgreint er í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., þó ekki öl. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftrilít með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1985.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 259

1. júlí 1985

REGLUGERÐ

um innheimtu fóðurgjalda skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

1. gr.

Innheimta skal við tollafgreiðslu eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fódri og hráefnum í það, sbr. 2. gr:

1. Grunnjald, sem skal vera 50% af tollverði hvorrar fóðurtegundar í viðkomandi sendingu, þó aldrei hærra en kr. 4 000,00 af hverju tonni hinnar innfluttu vöru.
2. Sérstakt fóðurgjald, sem skal vera 80% af tollverði hvorrar fóðurtegundar í viðkomandi sendingu.

2. gr.

Fóðurgjöld sbr. 1. gr. skulu lögð á fullunnar fóðurlöndur og hráefni í fóðurlöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer:

10-01-10	10-07-10	17-03-01	23-04-10	23-04-60
10-01-20	10-07-20	23-02-10	23-04-20	23-04-70
10-02-00	10-07-30	23-02-20	23-04-30	23-04-80
10-03-00	11-01-21	23-02-30	23-04-40	23-04-90
10-04-00	11-01-22	23-03-00	23-04-50	23-06-00
10-05-00	úr 11-02-29	blandað hænsnakorn		23-07-00
	11-02-21			
	úr 11-02-39	valsað bygg í lausu		

Undanskilin gjaldtöku eru fóðursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Einnig er undanskilið gjaldtöku fóður, sem fer til fiskeldis og loðdýraræktar, enda sé það í sérmerktum umbúðum. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreint tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Gjöld sem tekin hafa verið af korni og vörum úr því, sem nota má jafnhliða til manneldis og skepnufóðurs, en fer til